

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 24. janúar 1916.

Nr. 84/1915.

Valdstjórnin

gegn

Tönnnes Frederiksen f. h.

h/f Timbur og Kolaverzlun Reykjavík.

D ó m u r :

Með lögregluréttardómi Reykjavíkurkaupstaðar uppkveðnum 9. júlí f. á. var kærði Tönnnes Frederiksen forstjóri h/f Timbur og Kolaverzlunin Reykjavík dæmdur samkvæmt 4. gr. í hafnarlögnum fyrir Reykjavík 11. júlí 1911 fyrir að hafa gert í heimildarleysi dráttarbraut fyrir báta í sjó fram út af leigulandi sínu nyrst á Arnarhólslóð hér í bænum í 10 kr. sekt til hafnarsjóðs Reykjavíkur og til að greiða fyrir hönd félagsins allan kostnað sakarinnar; svo var og hafnarnefnd Reykjavíkur gert heimilt að láta taka dráttarbrautina burt á kostnað hlutafélagsins.

Þessum dómi er af hálfu valdsstjórnarinnar skotið til yfirdómsins.

Í nefndri lagagrein er svo fyrir mælt, að meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina megi ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né heldur breyta mannvirkjum þeim, er nú eru, og ekki fylla upp né dýpka út frá landi nema með

samþykki bæjarstjórnar; í sömu lagagrein er og ákvæðið, að brot gegn þessu varði sektum, og að hafnarnefnd sé heimilt að láta nema burtu mannvirkið á kostnað eiganda.

Það er í máli þessu sannað, að nefnt hlutafélag hefir, eftir að hafnarlögin komu í gildi, látið gera dráttarbraut úr timbri fyrir báta í fjörunni framundan leigulóð þess í Arnarhólstúni og eigi fengið til þess leyfi bæjarstjórnarinnar. Er brautinni lýst svo, að hún sé 40 metrar að lengd, nái út í sjó um flóð, en sjór falli alveg út af henni um stórstraumsfjöru, og efsti hluti hennar sé fyrir ofan stórstraumsflóðmál.

Kærði hefir viðurkent, að hann beri ábyrgð á þessu verki, en hann heldur því fram, að honum hafi það heimilt, með því að hlutafélagið eigi fullan rétt til slíkrar notkunar á fjörunni fram undan leigulóð sinni, án þess að leyfi hafnarnefndar eða bæjarstjórnar þurfi að koma til; auk þess sé mannvirki þetta eigi gert í sjó fram, er það sé alt á þurru um stórstraumsfjöru, enda eigi átaladh fyrir en nú, meir en tveimur árum eftir að það var stofnað.

Nefnt ákvæði hafnarlaganna er sett vegna fyrirhugaðrar hafnargerðar í Reykjavík í því skyni að varna því, að tálmanir verði gerðar á henni eða kostnaðarauki. Það virðist því ljóst, að ákvæðið á aðallega við þá hluta fjörunnar umhverfis höfnina, sem einstakir menn hafa til umráða eða afnota.

Samkvæmt þessu verður og að skilja orðin »í sjó fram«, að þau eigi við öll mannvirki á umgetnu svæði, sem eru til tálmunar hafnargerðinni, einnig þau, sem eins og dráttarbrautin eru að nokkru eða

öllu leyti á þurru um fjöru. Með því að gera áminzt mannvirki án samþykkis bæjarstjórnarinnar verður kærði því að teljast orðinn brotlegur gegn fyrgreindu lagaákvæði, og samkvæmt því er hafnarnefndinni þá og heimilt að láta taka mannvirkið burtu á kostnað eiganda. Með því eigi verður álitid, að refsingar-ábyrgð fyrir brot kærða sé fyrnd, verður hann að sæta sekt fyrir það, sem þykir hæfilega metin af undirdómaranum 10 kr., er renni í hafnarsjóð Reykjavíkur. Yfirdómurinn felst einnig á ákvæði dómsins um upptöku dráttarbrautarinnar og um málskostnað og ber því að staðfesta dóminn í öllum greinum.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, 15 kr. til hvors.

Undirdómarinn hefir eigi vottað um löglegan rekstur málsins fyrir lögregluréttinum svo sem fyrir er mælt í tilsk. 3. júní 1796, 35. gr., en að öðru leyti hefir meðferð málsins verið vítalaus. Málfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmet.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn á að vera óraskaður. Kærði Tönnés Frederiksen fyrir hönd hlutafélagsins Timbur og Kolaverzlunin Reykjavík greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar 15 kr. til hvors.

Ídæmd gjöld greiðist áður en 8 vikur séu liðnar frá löglegri birtingu dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 24. janúar 1916.

Nr. 70/1915. Lyder Höydal
 gegn
 Sveini Björnssyni f. h.
 Oluf Holm.

D ó m u r :

Með dómi landsyfirrættarins uppkveðnum 27. júlí 1914 var áfrýjandi þessa máls Lyder Höydal ásamt Jens L. Ouse dæmdur til þess meðal annars að selja stefnda, Sveini Björnssyni f. h. Oluf Holm, í hendur birgðir af áhöldum til lýsisbræðslu, sem taldar voru í félagsslitareikningi málsaðila í desember 1911. Við fógetagerð í Vestmannaeyjum 10. desbr. 1914, sem haldinn var eftir kröfu stefnda hjá Lyder Höydal til að fullnægja nefndum landsyfirrættardómi, greiddi Höydal ídæmdar skaðabætur, 600 kr. og málskostnað 80 kr., og fjárnámsbeiðandi Sveinn Björnsson viðurkendi, að hann hefði tekið við svo miklu af áhöldunum, er næmi 2124 kr. verði, en honum voru þá óafhent áhöld fyrir 5052 kr. Krafðist fjárnámsbeiðandi, að fógetinn léti stefnda afhenda þessa muni eða andvirði þeirra, en fógetinn kvað þá upp úrskurð